

## **Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2023-2026**

Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram til afgreiðslu í bæjarstjórn inniheldur skýra framtíðarsýn um metnaðarfulla uppbyggingu og öfluga þjónustu Akraneskaupstaðar, sem byggir á ábyrgri fjármálastjórn og traustum rekstri. Engum dylst að á undanförunum árum hefur samdráttur átt sér stað í íslensku efnahagslífi og enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Ábyrgð og festa í fjármálastjórn Akraneskaupstaðar um langa hríð hefur hins vegar tryggt það að fjárhagsstaða kaupstaðarins er sterk og skapar möguleika til að sækja fram, íbúum á Akranesi til heilla.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma A- hluta bæjarsjóðs verði jákvæð um rúmar 252 milljónir króna og að rekstrarafkoma A- og B- hluta verði jákvæð um samtals rúmar 142 milljónir króna. Á sama tíma gerir fjárfestinga- og framkvæmdáætlun ráð fyrir fjárfestingum upp á rúmlega 2,5 milljarða króna sem sýnir glögglega metnað bæjarstjórnar til að halda áfram uppbyggingu mikilvægra innviða með það að markmiði að Akranes verði áfram í fremstu röð sveitarfélaga í að bjóða upp á góða þjónustu fyrir íbúa á öllum aldri.

Eins og áður sagði er efnahagslíf á Íslandi í þrengingum. Verðbólga hefur vaxið, vaxtastig er hátt og heimilin í landinu finna sannarlega fyrir verðhækkunum í sínu daglega lífi. Bæjarstjórn kemur til móts við heimili og fyrirtæki á Akranesi með því að lækka álagningarprósentur fasteignagjalda, með það að markmiði að draga úr áhrifum hækkunar fasteignamats á upphæð fasteignagjalda. Leikskólagjöld hækka ekkert á milli ára og sama gildir um gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu, en þannig hlífum við sérstaklega þeim hópum sem þiggja og greiða fyrir þessa þjónustu, fyrir verðhækkunum sem að öðrum kosti hefðu haft áhrif á heimilisbókhaldið.

Vissulega eru ýmis atriði í rekstri kaupstaðarins sem þarfnast skoðunar. Launakostnaður hefur farið vaxandi á undanförunum árum hjá Akraneskaupstað eins og hjá öðrum sveitarfélögum, fyrst og fremst vegna fjölgunar stöðugilda í fjölbreyttri þjónustu bæjarins. Þá sjást þess einnig skýr merki að kostnaður við félagsþjónustu, sértæk búsetuúrræði og þjónustu við fatlaða hafi aukist ár frá ári og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga séu engan veginn í takt við þá þróun. Þetta er verkefni sem er í skoðun og von er á niðurstöðum úttektar á kostnaðarskiptingu vegna málefna fatlaðra snemma á næsta ári. Við bindum vonir við að þær niðurstöður leiði til leiðréttingar á þeirri ójöfnu stöðu sem uppi er og að ríkið komi í auknum mæli að fjármögnun þjónustunnar í samræmi við sínar skyldur.

En Akranes er sannarlega samfélag í sókn. Aldrei hefur jafn miklu fjármagni verið veitt til fjárfestinga og framkvæmda og við erum hvergi nærri hætt.

Stærstu fjárfestingarverkefni næsta árs eru áframhald uppbyggingar á nýju íþróttahúsi við Jaðarsbakka og stórfelldar endurbætur og í raun endurbygging á hluta húsnæðis Grundaskóla. Meðal annarra verkefna sem áætluð eru á næstu árum má nefna endurbætur á húsnæði Brekkubæjarskóla, byggingu húsnæðis fyrir áhaldahús, dósamóttöku og Búkollu

og byggingu á nýjum íbúðakjarna fyrir fatlaða. Þá ætlum við að byggja samfélagsmiðstöð þar sem aðstaða verður fyrir fjölbreytta þjónustu á vegum bæjarfélagsins. Þá má einnig nefna að á næstu árum verður unnið að verulegum framkvæmdum í gatnagerð, en í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir að á árinu 2023 verði lagðar nýjar götur fyrir um 600 milljónir króna og þeirri gatnagerð svo haldið áfram af krafti næstu ár þar á eftir.

Þessi framtíðarsýn er í samræmi við þá ímynd sem við viljum skapa til að laða nýja íbúa og ný fyrirtæki hingað á Akranes. Sú ákvörðun bæjarstjórnar að lækka álagningarprósentu fasteignagjalda á íbúðar- og atvinnuhúsnaði og halda aftur af gjaldskrárhækkunum þjónustu er mikilvægur þáttur í þeirri framtíðarsýn.

Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þökkum bæjarfulltrúum Framsóknar og frjálsra fyrir gott samstarf í ráðum og nefndum við gerð fjárhagsáætlunar árána 2023 - 2026. Jafnframt þökkum við bæjarstjóra og embættismönnum bæjarins fyrir afar gott samstarf og þeirra mikla vinnuframlag við gerð þessarar fjárhagsáætlunar.

Sú fjárhagsáætlun sem hér liggur fyrir blæs okkur bjartsýni í brjóst og við hlökkum til að starfa eftir henni á næstu árum, Akranesi og Akurnesingum öllum til heilla.

Líf Lárusdóttir

Líf Lárusdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Valgarður Lyngdal Jónsson

Einar Brandsson

Einar Brandsson

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

G. Ingþór Guðjónsson

G. Ingþór Guðjónsson

Kristinn Hallur Sveinsson

Kristinn Hallur Sveinsson